

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir 1. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda – Heimaland 3.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 23. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir 1. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda.

Breytingin á við um lóðina Heimaland 3 og felur í sér óverulegar breytingar á byggingarreitum og leyfilegu byggingarmagni ásamt tilfærslu svæðis fyrir grenndargáma og kvöð um göngustíg.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 5. apríl 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 6. apríl 2022